

um flóaferðir.

Frá samgöngumálarefnd.

Nefndin hefir átt sameiginlegan fund með 2 mönnum úr samgöngumálarefnd efri deildar, og leggur nefndin til, að styrkur til flóabáta á árinu 1929 verði að upphæð 106750 kr., og ber nefndin fram brtt. við fjárlögin fyrir 1929 í samræmi við þessa niðurstöðu.

Nefndin leggur til, að styrknum verði skift þannig:

1. Borgarnesbátur, með 7—9 ferðir til Breiðafjarðar . . . . .	31500 kr.
2. Djúpbáturinn, með minst 5 ferðum til Vestur-Ísafjarðarsýslu, á helstu viðkomustaði þar . . . . .	19000 —
3. Skaftfellingur með Stokkseyri og Eyrarbakka, auk þess sem áður var	19000 —
4. Flateyjarbátur . . . . .	7000 —
5. Hornafjarðarbátur . . . . .	7000 —
6. Til flutninga innan sýslu í Austur-Skaftafellssýslu (þar af til Örfæfinga 500 kr.) . . . . .	2000 —
7. Millilandaskip til Skaftafells- og Rangárvallasýslna . . . . .	4000 —
8. Rangársandsbátur . . . . .	1100 —
9. Hvalfjarðarbátur . . . . .	1350 —
10. Rauðasandsbátur . . . . .	500 —
11. Mýrabátur . . . . .	300 —
12. Lagarfljótsbátur, enda sigli hann niður fyrir brúna . . . . .	1000 —
13. Eyjafjarðarbátur, með 3 viðkomum í Grímsey, enda sigli hann og til Húsavíkur og Skagafjarðar . . . . .	13000 —

Nefndin taldi, að sært væri að lækka styrki stærstu bátanna að nokkrum mun, nema Hornafjarðarbáts, sem hún hefir látið standa með sömu upphæð. Hinsvegar telur hún, að ekki verði hjá því komist að hækka styrk til Eyjafjarðarbátsins um frekan helming, og er ástæðan sú, að þessum bát er ekki, fremur en öðrum flóabátum, ætlaður neinn styrkur til pósthutninga, en hann annast nú aukapóstferðir um Eyjafjörð allan og jafnvel víðar, og hefir fyrir það fengið úr póstsjóði 5—6 þús. kr. á ári.

Í þessu sambandi vill nefndin benda á, til eftirbreytni eftirleidis, að rjettast væri að telja til útgjalda póstmálanna um 30 þús. kr. af styrksupphæðum Borgarnesbátsins, Djúpbátsins og Eyjafjarðarbátsins, sem telja má að sje pósthferðastyrkur hjá þessum bátum.

Skilyrði fyrir styrk til allra þessara flóabáta er það, að ferðir þeirra og viðkomur sjeu ekki færri en á síðastliðnu ári og farkostir ekki lakari.

Þá vill nefndin skora á atvinnumálaráðuneytið að skrifa öllum þeim fjelögum, sem styrks njóta til flóaferða, og ganga ríkt eftir, að þau sendi árlega skýrslur um, hvernig styrknum er varið, ferðaáætlanir bátanna og gjaldskrá, svo og rekstrar- og efnahagsreikninga þeirra fjelaga, sem ferðirnar annast, og upplýsingar um það, hvort veittur sje styrkur til ferðanna frá viðkomandi hjeruðum.

Að öðru leyti vísast til nál. samgöngumálanefndar frá árinu 1927,  
þskj. 325.

Alþingi, 9. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson,	Jón A. Jónsson,	Hákon Kristófersson,
form.	frsm.	
Sigurjón Á. Ólafsson,	Hannes Jónsson,	
með fyrirvara.	með fyrirvara.	